

Umsögn um mál 543- Lagafrumvarp um dýravelferð og bann við blóðmerahaldi. Flutningsmaður Inga Sæland.

Undirritaður styður eindregið lagafrumvarp þetta.

Starfsleyfi félagsins Ísteka ehf rann út þann 13. janúar 2021 og í ljósi nýrra upplýsinga um blóðmerahald á Íslandi, sem fram komu í heimildamynd þýskra dýravelferðarsamtaka, blasir við að blóðtakan brýtur í bága við lög um dýravelferð frá 1. janúar 2014.

Í fyrstu grein laganna segir: „Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáníngu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“

Það myndband sem dýravelferðarsamtökin AWF/TSB létu gera á Íslandi, sýnir svo ekki verður um villst, að meðferðin á umræddum merum brýtur í bága við íslensk lög. Merarnar voru barðar með stöngum og spýtum til að fá þær inn í gerðið þar sem haus þeirra var bundinn upp á meðan þær voru stungnar með sverum nálum. Sjá mátti þær barðar í hausinn þar sem þær engdust á meðan blóðinu var tappað úr þeim. Að þessu loknu má sjá þær skjógra, veiklulegar og illa á sig komnar, út úr gerðinu.

Í umfjöllun samtakanna, sem ekki hefur verið hrakin með nokkrum haldbærum rökum, kemur í ljós að um fimm lítrum af blóði sé dælt úr hverri meri í 8 til 10 skipti á sumri. Miðað við meðalþyngd íslenskra hesta er þetta nærri helmingi meiri blóðtaka úr hverju dýri en erlendir sérfræðingar, sem samtökin vitna í, telja innan hættumarka og hvorki meira né minna en um fjórðungur af heildarblóðmagni í hverjum hesti. Þar fyrir utan er ekki vitað um nokkuð annað Evrópuríki sem heimilar þessa blóðtökumeðferð á hestum.

Starfsleyfisumsókn Ísteka gerir ráð fyrir að blóðtakan úr merunum nemi allt að 600 tonnum árlega, sem er meira en þreföldun frá því sem verið hefur. Það þyrfti allt að 30.000 merar til að anna slíkri eftirspurn miðað við að blóðtaka úr hverju dýri væri minnkuð um helming frá því sem nú er og í samræmi við þau viðmið sem erlendir sérfræðingar telja hættulausara. Þetta gengur engan veginn upp og því ber að banna þessa illu meðferð á dýrum. Verknaðurinn, sjálf blóðtakan, verður ekki framkvæmd öðruvísi en að dýrin séu þvinguð og kvalin hvað sem líður fullyrðingum hagsmunaaðila um annað. Hryssurnar teljast vera hálf villtar og framkvæmdin stríðir gegn náttúru þeirra og eðli.

119 bændur á Íslandi tóku þátt í þessu á árinu 2021 og markmiðið er að stórauka framleiðsluna. Augljóst er að engin leið er fyrir MAST að hafa viðunandi eftirlit með þessari umfangsmiklu starfsemi eins og hún hefur verið hvað þá þegar hún er aukin. Þar með er engin leið að tryggja mannúðlega meðferð á hryssunum, hvorki að óbreyttu né með fyrirhugaðri aukningu, og ber á þeirri forsendu að banna starfsemina með lögum. Hugmyndir Ísteka ehf um að koma sjálfst að auknu eftirliti eru ákaflega ótrúverðugar. Það gengur augljólega ekki upp að fyrirtæki sem hefur ríka fjárhagslega hagsmuni af blóðtökunni annist, fjármagni eða komi á einn eða annan hátt að marktæku eftirliti með henni sjálfstætt eða í samstarfi við opinbera aðila.

Hvort tveggja er siðlaust, blóðtakan úr merunum sem og tilgangur hennar sem er að framleiða PSMG hormón til svínaræktar. PSMG hormónið er notað til að gera svín frjó áður en þau eiga að vera orðin kynþroska miðað við aldur. Einnig að frjósemi þeirra sé virkari eftir hvert got. Þá mun þetta hormón einnig vera notað gegn depurð dýranna, vegna

ónáttúrulegra aðstæðna, sem annars getur dregið úr frjóseminni. Því má færa gild rök fyrir því að framleiðsla og notkun hormónsins til svínaræktar stríði einnig gegn lögum um dýravelferð.

Það er engum blóðum um það að fletta að bæði meðferðin á blóðmerunum sem og á svínunum, sem fá PSMG hormónið, er siðlaus og brýtur í bága við markmið laga um dýravelferð þar sem segir að dýr séu skyni gæddar verur sem eigi að geta sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt. Það er ekki aðeins brýnt heldur og ekki síður skylda Alþingis að banna slíka starfsemi sem ýtir augljóslega undir illa meðferð á dýrum og stenst ekki gildandi lög um velferð þeirra. Mikilvægt er að löggjafinn taki af allan vafa um málið og láti ekki undan viðskiptalegum þrýstingi. Ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við lagafrumvarp þetta.

Sigursteinn Másson